
Aukin vatnstaka og borholur á Steindórsstöðum, Borgarbyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 14. nóvember 2025 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Veitum um aukna vatnstöku og borholur á Steindórsstöðum samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.20 í 1. viðauka laganna. Um er að ræða framkvæmdir á verndarsvæði.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Borgarbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfi- og Orkustofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Aukin vatnstaka og borholur á Steindórsstöðum, Matsskyldufyrirspurn. Veitur – VSÓ Ráðgjöf. Nóvember 2025.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Borgarbyggð dags. 22. desember 2025
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands dags. 22. desember 2025
- Umhverfis- og orkustofnun dags. 18. desember 2025

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 13. janúar 2026.

3 Fyrirhuguð framkvæmd


Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja nægjanlegt neysluvatn fyrir íbúa, atvinnustarfsemi og ferðabjónustu á veitusvæðinu í Reykholtssdal. Vatnsból Veitna við Rauðsgil hefur þjónað svæðinu í áraraðir, en notkun hefur aukist verulega á undanförunum árum, m.a. vegna uppbyggingar á ferðamannastaðnum Kraumu og fleiri tenginga við kerfið. Vatni er veitt frá vatnsbólinu að Reykholti, Deildartungu, Kleppjárnareykjum og nokkrum lögbýlum á svæðinu. Vatnstökumannvirknin eru tvær borholur og djúpur brunnur á áreyrum við Rauðsgil við Steindórsstaði. Brunnurinn var tekinn í notkun í maí 2013. Holur SS-08 og SS-09 voru boraðar vorið 2017 þar sem afkastageta brunnsins var ekki nægileg og teknar í notkun veturinn eftir.

Ársméðalvinnsla hefur síðan farið vaxandi og vinnsla er nú komin fram yfir heimildir í gildandi nýtingarleyfi. Þ.a.l. eru Veitur að undirbúa umsókn um nýtt nýtingarleyfi vegna vinnslu á vatni á Steindórsstöðum og verður sótt um leyfi til nýtingar á 20 L/s af köldu grunnvatni að jafnaði yfir árið til 50 ára en í gildi er nýtingarleyfi fyrir allt að 10 L/s. Vinnslan er innan svæðis á náttúruuminjaskrá; Reykjadalssá ásamt nálægum hverum og Rauðsgil. Aukin vinnsla verður úr núverandi vatnstökumannvirkjum og kallar sem slík ekki á ný mannvirki á yfirborði eða aðrar aðgerðir sem geta haft í för með sér risk.

Í þessari matsskyldufyrirspurn er hins vegar einnig gerð grein fyrir framkvæmdum sem gæti verið æskilegt að fara í á næstu árum til að bæta rekstraröryggi veitunnar. Hér er um að ræða áform um eina til tvær borholur í viðbót en þessar borholur eru ekki forsenda þess að hægt sé að fara í aukna vatnstöku. Byrjað verður á að bora eina nýja 12-15 m djúpa holu en ef afköst hennar verða minni



en 5-8 l/s þarf að bora aðra holu. Ekki er um eiginlegt borplan að ræða og gengið verður frá öllu raski að framkvæmdum loknum. Borun tekur tvo daga með uppsetningu og frágangi. Allur búnaður sem fer inn á svæðið verður lekaskoðaður og lagfærður ef grunur er um olíuleka áður en framkvæmdir hefjast og á svæðinu verður til staðar mengunarvarnarbúnaður og traktorsgrafa til að bregðast við hugsanlegum lekum og fjarlægja mengaðan jarðveg ef nauðsyn krefur. Þá er í undirbúningi að stækka afmörkun vatnsverndarsvæðis, þ.e. brunnsvæðis og grannsvæðis (Mynd 1).



Mynd 1. Ný útmörk grann- og brunnsvæða vatnsverndar borin saman við eldri útmörk (Úr greinargerð).

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

Í greinargerð kemur fram að unnin hafi verið drög að áhrifamati framkvæmdar á vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot. Áhrifamatið nær yfir vinnsluaukningu og borun nýrrar holu til nýtingar á köldu vatni, sem og yfir borun annarrar holu ef afköst fyrri holunnar eru minni en áætlað er. Undir framkvæmdasvæðinu er grunnvatnshlotið Hvítá í Borgarfirði nr. 104-270-G og er flatarmál þess 841,1 km². Grunnvatnshlotið er talið uppfylla umhverfismarkmið um góða magnstöðu og gott



efnafræðilegt ástand og er ekkert álag skráð á grunnvatnshlotið og fyrirhuguð framkvæmd er ekki talin hafa áhrif á gæðapætti grunnvatnshlotsins, þar sem vatnsbólið er fætt af yfirborðsvatni. Fram kemur að í grennd við framkvæmdasvæðið sé straumvatnshlotið Rauðagilsá nr. 104-205-R og sé heildarlengd þess um 40 km. Gert er ráð fyrir að umhverfismarkmið um gott efnafræðilegt og vistfræðilegt ástand náist. Vistfræðilegt ástand er talið mjög gott, byggt á líkindum, en þörf er á gögnum til staðfestingar á ástandi. Efnafræðilegt ástand þess er óþekkt. Ekkert þekkt álag er skráð á vatnshlotið. Áhrif á straumvatnshlotið eru talin óveruleg þar sem vatnstakan nemur innan við 3% af sumarrennslinu og framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á gæðapætti sem notaðir eru til að meta vistfræðilegt ástand eða efna- eða eðlisefnafræðilegt ástand árinna. Niðurstaða skimunar (fyrsta skrefs áhrifamats) er að fyrirhuguð framkvæmd hafi þannig hvorki bein né óbein neikvæð áhrif á gæðapætti vatnshlotanna. Ástand vatnshlotanna er ekki talið hnigna miðað við núverandi ástand. Framkvæmdin er því ekki talin hafa áhrif á það hvort umhverfismarkmið vatnshlotanna náist eða náist ekki.

Umhverfis- og orkustofnun telur að í meginatriðum sé gert nægilega grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á vatn í matskyldufyrirspurninni. Þó gerir stofnunin eina athugasemd: Í umsókn og í áhrifamati kemur fram að vinnsluaukningin ætti ekki að hafa áhrif á gæðapætti straumsvatnshlotsins. Hinsvegar, að mati stofnunarinnar, gæti vatnstakan haft lítilsháttar áhrif á vatnsformfræði árinna Rauðsgils (Þverlækur, Fellalækur, Skammá og Sléttafellskvísl nr. 104- 205-R), þar sem vatnsbólið er fætt af ánni. Betur þyrfti að gera grein fyrir þessu í áhrifamatinu. Að öðru leyti gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir við umfjöllun um vatnamál og tekur undir meginniðurstöður hennar, en bendir á að farið verður ítarlegar yfir áhrifamatið í leyfisferlinu hjá stofnuninni.

Í svörum Veitna kemur fram að skerpt verði á orðalagi í áhrifamati um áhrif á gæðapætti straumvatnshlotsins en áhrifin eru áfram metin óveruleg.

5 Skipulag og leyfi

Vatnsból og vatnsvernd Steindórsstaða (VB5) vatnsból, (VG39) grannsvæði og (VF39) fjarsvæði eru skilgreind í endurskoðuðu Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2025-2037. Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við aðalskipulagstillöguna.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og nýtingarleyfi Umhverfis- og orkustofnunar skv. lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gefur út starfsleyfi vegna jarðborana í samræmi við reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

6 Niðurstaða

Um er að ræða aukna vatnstöku á köldu grunnvatni úr fyrirbyggjandi holum og áform um borun einnar eða tveggja nýrra hola í grennd núverandi hola til að bæta rekstraröryggi Vatnsveitu Reykholtisdals í langvarandi frostaköflum eða þurrkum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.20 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, svo sem stærð og umfangi, nýtingu náttúruauðlinda og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru



sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar og verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Ennfremur ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til náttúruverndarsvæða, þ.m.t. svæða á náttúruminjaskrá, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða starfsemi sem í eðli sínu er umfangslítill, þ.e. aukin vinnsla á köldu grunnvatni í tiltölulega litlu magni úr borholum og brunni sem eru til staðar. Fyrir liggur áhrifamat framkvæmdarinnar á vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar, nú Umhverfis- og orkustofnunar og er niðurstaða þess mats að ástand þeirra tveggja vatnshlota sem um er að ræða muni ekki hnigna miðað við núverandi ástand og ekki er talin ástæða til að ætla að fyrirhuguð aukning á vatnstöku hafi þau áhrif að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki. Skipulagsstofnun vekur þó athygli á þeirri ábendingu í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar að fyrirhuguð vatnstaka gæti haft lítilsháttar áhrif á vatnsformfræði árinna Rauðsgils. Ljóst er að þau áform Veitna að bora eina eða tvær borholur í viðbót munu valda einhverju raski innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá en um er að ræða umfangslitlar framkvæmdir við borun grunnra hola sem krefjast ekki eiginlegs borplans eða veglagningar. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að öllu raski verði haldið í lágmarki við borun og að vandað verði til frágangs að borun lokinni. Þá bendir stofnunin á mikilvægi aðgerða varðandi mengunarvarnir og að því verklagi, sem kemur fram í greinargerð Veitna, verði fylgt til þess að draga úr hættu á mengunaróhöppum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 16. febrúar 2026.

Reykjavík, 15. janúar 2026

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson

